



Árshlutauppgjör 3F 2021

Orri Hauksson og Óskar Hauksson

26. október 2021



Lykiltölur úr rekstri

	3F 2021	9M 2021		
Tekjur	6.381 m.kr. 3F 2020: 6.420 m.kr.	19.141 m.kr. 9M 2020: 18.943 m.kr.		
EBITDA *	2.974 m.kr. 3F 2020: 2.805 m.kr.	8.071 m.kr. 9M 2020: 7.743 m.kr.		
EBITDA % *	46,6% 3F 2020: 43,7%	42,2% 9M 2020: 40,9%		
EBIT *	1.526 m.kr. 3F 2020: 1.338 m.kr.	3.774 m.kr. 9M 2020: 3.364 m.kr.		
Fjárfestingar	1.098 m.kr. 3F 2020: 1.013 m.kr.	3.689 m.kr. 9M 2020: 4.129 m.kr.		
Nettó skuldir / 12M EBITDA *	2,45 4F 2020: 1,94			
Handbært fé	6.952 m.kr. 4F 2020: 735 m.kr.			
Eiginfjárhlutfall	45,0% 4F 2020: 57,2%			
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	2.968 m.kr. 3F 2020: 2.213 m.kr.			

Fjórðungurinn

- Afar sterk afkoma á 3F þar sem EBITDA eykst um 6% á milli ára og EBIT um 14%.
- Hagræðingaraðgerðir frá síðasta ári skila sér í um 4,5% lækkun kostnaðar frá 3F á síðasta ári.
- Tekjur af farsímaþjónustu hækka um rúm 11% sem skýrist m.a. af hækkun reikitekna erlendra ferðamanna og velgengni Þrennu.
 - Frá fyrsta ársfjórðungi þessa árs hafa tekjur af farsíma hækkað um 200 m.kr.
- Búnaðarsala dregst saman sem skýrist af auknum ferðalögum Íslendinga til útlanda.
- Tekjur af gagnaflutningi lækka en reiknað er með viðsnúningi á 4F.




Rekstur




Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	3F			9M		
	2021	2020	%	2021	2020	%
Rekstrartekjur	6.381	6.420	-0,6%	19.141	18.943	1,0%
Kostnaðarverð sölu	(2.993)	(3.143)	-4,8%	(9.360)	(9.295)	0,7%
Rekstrarkostnaður	(1.862)	(1.939)	-4,0%	(6.007)	(6.784)	-11,5%
EBIT	1.526	1.338	14,1%	3.774	2.864	31,8%
Hrein fjármagnsgjöld	(218)	(143)	52,4%	(720)	(561)	28,3%
Tekjuskattur	(251)	(233)	7,7%	(619)	(565)	9,6%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	1.057	962	9,9%	2.435	1.738	40,1%
Aflögð starfsemi	0	52		2.124	123	
Hagnaður tímabils	1.057	1.014	4,2%	4.559	1.861	145,0%
EBITDA	2.974	2.805	6,0%	8.071	7.243	11,4%
Hagnaður á hlut	0,15	0,11	36,4%	0,59	0,21	181,0%


Rekstrartekjur



EBITDA *



EBIT *



Rekstur 9M 2021





- Rekstrartekjur hækka um 1% fyrstu 9 mánuði ársins samanborðið við sama tímabil árið 2020.
 - Tekjur af farsíma hækka um rúmlega 6% sem skýrist af góðu gengi þrennu, auknum tekjum af virðisaukandi þjónustu og SMS magnsendingum. Reikitekjur standa í stað á milli ára.
- Afkoma batnar samanborið við fyrstu 9 mánuði ársins 2020.
 - Leiðrétt fyrir 500 m.kr. stjórnvaldssekt á 2F 2020 hækkar EBITDA um rúm 4%, EBIT um rúm 12% og hagnaður af áframhaldandi starfsemi um tæp 9%.
 - Fjármagnsgjöld hækka vegna aukinnar skuldsetningar Mílu og kostnaðar við endurfjármögnun.
 - Kostnaður við sölufjerli Mílu er færður á fyrirframgreiddan kostnað.

* Án stjórnvaldssektar 2F/4F 2020



Tekjur eftir starfspáttum

Starfspættir	3F				9M			
	2021	2020	Breyting	%	2021	2020	Breyting	%
Farsími	1.563	1.406	157	11,2%	4.362	4.110	252	6,1%
Talsími	382	423	-41	-9,7%	1.181	1.299	-118	-9,1%
Gagnaflutningur	2.199	2.227	-28	-1,3%	6.645	6.600	45	0,7%
Sjónvarpsþjónusta	1.540	1.531	9	0,6%	4.728	4.614	114	2,5%
Vörusala	478	567	-89	-15,7%	1.509	1.482	27	1,8%
Annað	219	266	-47	-17,7%	716	838	-122	-14,6%
Samtals	6.381	6.420	-39	-0,6%	19.141	18.943	198	1,0%





Rekstur 9M

Góð afkoma skýrist að mestu af kostnaðarlækkun

- Kostnaður lækkar á milli ára þrátt fyrir talsverða verðbólgu.
 - Launakostnaður lækkar um 355 m.kr. eða tæp 8% sem skýrist af fækkun stöðugilda árið 2020 og útvistun á hugbúnaðarþróun.
 - Útvistun hefur þó ekki skilað sér í hækkun UT kostnaðar.
 - Bætt í markaðskostnað til að efla sókn.
- Væntingar um tekjuvöxt í lykilvörum hafa gengið eftir það sem af er ári.
 - Reiknað með að tekjur af gagnaflutningi aukist á 4F eftir samdrátt á 3F.
 - Sjónvarpsþjónusta með stöðugan en lækkandi tekjuvöxt.
 - Einkum Premium varan sem stendur á bakvið vöxtinn og SíminnSport er í ágætum vexti.
 - Samkeppni harðnar stöðugt vegna áherslubreytinga margra framleiðenda sjónvarpsefnis (e. DTC, direct-to-consumer).
 - Samdráttur í endursölu erlendra sjónvarpsstöðva og SíminnBíó.
 - Framleiðsluvandi sjónvarpsefnis vegna COVID-19 er að lagast sem styrkir það sjónvarpsefni sem Síminn getur boðið upp á og að auki er mikið af spennandi innlendu efni á leiðinni.
- Gengistap á fyrstu 9 mánuðum ársins skýrist af lokauppgjöri á eldri sýningarréttum á 1F 2021.



Efnahagur og sjóðstreymi




Efnahagsreikningur


Eignir	30.09.2021	31.12.2020
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir.....	19.273	18.991
Leigueignir.....	5.051	5.378
Óefnislegar eignir.....	31.725	32.544
Aðrar eignir.....	624	544
Fastafjármunir	56.673	57.457
Veltufjármunir		
Birgðir.....	1.288	1.127
Viðskiptakröfur.....	2.464	3.147
Aðrar skammtímakröfur.....	2.108	834
Handbært fé.....	6.952	735
Eignir flokkaðar til sölu.....	0	1.906
Veltufjármunir	12.812	7.749
Eignir alls	69.485	65.206

Skuldir og eigiði fé	30.09.2021	31.12.2020
Eigið fé		
Eigið fé.....	31.301	37.298
Langtímaskuldir		
Skuldabréfalán.....	24.878	14.289
Leiguskuldbinding.....	4.790	5.066
Tekjuskattskuldbinding.....	343	670
Langtímaskuldir	30.011	20.025
Skammtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir.....	1.518	500
Viðskiptaskuldir.....	2.392	2.554
Næsta árs afborgun.....	1.286	1.663
Aðrar skammtímaskuldir.....	2.977	2.390
Skuldir vegna eigna sem flokkaðar eru til sölu.....	0	776
Skammtímaskuldir	8.173	7.883
Skuldir og eigið fé alls	69.485	65.206


Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldb.




Eiginfjárlutfall



Nettó skuldir með leiguskuldb./EBITDA*



Arðsemi eigin fjár





*Án stjórnvaldssektar 2F/4F 2020
Leiguskuldbindingar taldar með frá árinu 2019



Sjóðstreymi

Sjóðstreymi	9M 2021	9M 2020
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður ársins.....	3.774	2.864
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir og virðisrýrnun.....	4.297	4.379
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi.....	(1)	(4)
	8.070	7.239
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.....	625	1.250
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	8.695	8.489
Nettó greiddir vextir.....	(718)	(546)
Greiddir skattar.....	(590)	(499)
Handbært fé frá rekstri	7.387	7.444
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(3.689)	(4.129)
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	(606)	(118)
Sala eignahluta og aflögð starfsemi.....	2.648	454
Fjárfestingarhreyfingar	(1.647)	(3.793)
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður.....	(500)	(500)
Viðskipti með eigin bréf.....	(2.088)	(1.433)
Útgreitt hlutafé.....	(7.968)	0
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(363)	(420)
Nettó breyting á lánum.....	11.389	(792)
Fjármögnunarhreyfingar	470	(3.145)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	6.210	506
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	7	(9)
Handbært fé í upphafi árs.....	735	217
Handbært fé í lok tímabilsins.....	6.952	714





*Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti að frádregnum fjárfestingahreyfingum




Fjárfestingar



Fjárfestingar



■ Rekstrarfjármunir ■ Sýningarréttir



■ Síminn ■ Míla

*Árið 2018 er endurgert m.v. breytta framsetningu á sýningarrétti sjónvarpsefnis.




Um starfsemina



Síminn Pay

- App með fjölbætta möguleika
 - Léttkaup – 14 daga greiðslufrestur eða möguleiki á að dreifa greiðslu í allt að 36 mánuði
 - Mathöll – Hægt að panta mat hjá um 30 veitingastöðum
 - Stæði – Skráning á ökutæki í gjaldsvæði
 - Torg – Markaðstorg fyrir söluaðila
- Í dag eru 55.000 skráðir notendur
 - Helmingur notenda eru viðskiptavinir Símans
 - Meðalaldur notenda er 36 ár
- Að meðaltali er 10% útlánaaukning á mánuði það sem af er þessu ári



Síminn

- Innlend dagskrágerð aldrei verið fjölbreyttari
 - Síminn er í fararbroddi í fjölbreyttu og vinsælu leiknu íslensku sjónvarpsefni
 - Fjöldi nýrra íslenskra þáttaraða í Sjónvarpi Símans Premium fyrir alla aldurshópa
 - Vísinda Villi, Missir, Heil og sæl, Stella Blómkvist og Rósin svo dæmi séu nefnd
- Jólamynd Símans er Birta
 - Leikin íslensk kvikmynd sem fer um svipað leyti bæði í kvikmyndahús og í Premium
 - Auk þess verður íslenskt jóladagatal á dagskrá á aðventunni
- Venjulegt fólk
 - Í byrjun næsta árs verður sýnd fjórða sería af Venjulegu fólk
 - Aldrei áður á Íslandi hefur leikið sjónvarpsefni náð fjórum seríum
 - Undirbúningur hafinn að fimmtu seríu
- Brúðkaupið mitt
 - Framhald af Jarðarförinni minni fer í sýningu í vor






Síminn

- Sjálfbærnistefna Símans samþykkt í sumar
 - Umhverfisvæn aðfangakeðja og virkt hringrásarhagkerfi
 - Jafnrétti og þjálfun vinnuafls
 - Netöryggi og máltækni
 - Góðir stjórnarhættir og viðskiptasiðferði
 - Síminn hefur sett þrjú heimsmarkmið í forgang



- Ánægðari viðskiptavinir
 - Síminn hefur einsett sér það að hafa ánægðustu viðskiptavinina árið 2022.
 - Öll starfsemi tekur mið af þessu markmiði bæði hjá því starfsfólki sem eru í beinu sambandi við viðskiptavinina sem og öðru starfsfólki.
 - Mælingar undanfarna mánuði sýna að við erum á réttri leið þegar horft er til mælinga á ímynd og ánægju viðskiptavina.



Míla

- Ljósleiðaravæðing heimila á landinu
 - Í september voru ljósleiðaratengd rými á landinu komin í 103.600. Þar af eru 78.500 á höfuðborgarsvæðinu.
- Aukin áhersla á ljósleiðaravæðingu í þéttbýli um allt land
 - Á þriðja ársfjórðungi var unnið að lagningu ljósleiðara í Reykjanesbæ, Grindavík, Súðavík, Ísafirði, Akureyri, Húsavík, Akranesi, Vestmannaeyjum, Hofsósi, Höfn í Hornafirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Neskaupsstað og Egilsstöðum.
 - Á nokkrum stöðum er hafin ljósleiðaravæðing gegn stofngjaldi og fer það verkefni ágætlega af stað.
- Farsímadreifikerfi
 - Uppbygging 5G farsímakerfisins er í fullum gangi og eru nú nítján 5G farsímastöðvar í notkun og fjölgar þeim jafnt og þétt.
 - Reist var nýtt 30 metra mastur á Seyðishólum sem leysir af hólmi aðstöðu í staurum sem var þar fyrir. Seyðishólar eru einn af afkastamestu farsímasendistöðum Mílu á landinu og þjónar meðal annars sumarhúsaeigendum í Grímsnesi með 5G þjónustu.



Seyðishólar í Grímsnesi





Míla

- Endurnýjun bylgjulengdarkerfisins
 - Míla hefur lokið við að velja birgja vegna endurnýjunar bylgjulengdarkerfisins.
 - Vinna við undirbúning er hafin og er áætlað að unnið verði að útskiptingu kerfisins allt næsta ár.
 - Eftir útskiptingu kerfisins mun flutningsgeta og sveigjanleiki innanlands aukast verulega sem mun styðja við aðra uppfærslu á kerfum Mílu, s.s. ljósleiðaravæðingu heimila á landinu og uppbyggingu 5G á landsvísu.
- Varaafslverkefnið
 - Míla tók þátt í varaafslverkefninu ásamt Neyðarlínunni og fleiri fjarskiptafélögum. Í verkefninu fólst að bæta varaafli á landsbyggðinni til að tryggja betur uppitíma fjarskipta ef til langvarandi rafmagnsleysis kemur.
 - Búið er að koma upp rafstöðvum víða um land, auk þess sem varaafli í formi rafgeyma hefur verið aukið á fjarskiptastöðum og tenglar settir upp í tækjarýmum fyrir færanlegar rafstöðvar sem auðveldar rekstur í rafmagnsleysi.



Finnbogastaðafjall á Ströndum



Sala Mílu til Ardian



Síminn selur Mílu til Ardian

- Snemma á árinu réð Síminn fjárfestingabankann Lazard og Íslandsbanka til að ráðleggja um framtíðarmöguleika og stefnumið Mílu í ljósi alþjóðlegrar þróunar á samsetningu fjarskiptafélaga.
 - Framtíðar eignarhald á Mílu yrði kannað.
 - Markmið með vinnunni var að hámarka verðmæti eigna Símans fyrir hluthafa.
- Þann 23. október sl. undirritaði Síminn samning um sölu á öllum eignarhlut sínum í Mílu til Ardian.
 - Salan er háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.
 - Virði viðskiptanna (e. EV) er 78 ma.kr. sem er 17,1x EBITDAaL.
 - Síminn fær greitt á efndadegi (e. Closing) um 44 ma.kr. í reiðufé og 15 ma.kr. í formi skuldabréfs sem Síminn veitir kaupanda til þriggja ára. Bréfið er eingreiðslubríf, ber markaðsvexti, er tryggt með hlutabréfum í Mílu og er framseljanlegt.
 - Áætlaður söluhagnaður er rúmlega 46 ma.kr. að teknu tilliti til kostnaðar vegna viðskiptanna.
- Gerður er 20 ára heildsölusamningur á milli Símans og Mílu
 - Ítarlegur samningur vegna tímalengdar en byggir alfarið á núverandi viðskiptasambandi félaganna.
 - Stærstur hluti viðskipta Símans og Mílu er byggður á verðákvörðunum Fjarskiptastofu.
 - Samningar um þjónustu sem er ekki reglusettt tengist í aðalatriðum farsíma- og netrekstri sem Míla keypti af Símanum fyrir á þessu ári.



Ardian er leiðandi innviðafjárfestir í Evrópu

- Töluverðar fjárfestingar á Norðurlöndunum
 - Com Hem
 - Nevel
 - ISS
 - ENordic
 - Andberg Vind
 - Lyrestad Holding
- Vinna náið með lífeyrirssjóðum í viðkomandi löndum
- Langtímaáhersla í fjárfestingum
- Hraðari fjárfestingar
 - Ardian hefur gefið út að það hyggist hraða ljósleiðaravæðingu á landsbyggðinni
 - 5G væðing á Íslandi verður hraðari en áður voru áform um.

ARDIAN INFRASTRUCTURE

FUND OF FUNDS — Primary Early Secondary Secondary Mandates	US\$60BN
DIRECT FUNDS — Buyout North America Direct Buyouts Expansion Growth Co-Investment	US\$26BN
INFRASTRUCTURE —	US\$18BN
PRIVATE DEBT —	US\$8BN
REAL ESTATE —	US\$2BN



\$18 milljarða innviðasjóður Ardian er með þrískipta áherslu



ENERGY



6GW

Heat & power renewable energy capacity



1st sustainable energy platform in the Nordics with both brownfield and greenfield assets



Platform with 1.1 GW capacity of wind and solar assets in the US



TRANSPORT



5,300km

Roads operated in 2020

7

Stakes in Italian airports Linate, Malpensa, Turin, Naples, Trieste, Bergamo, Bologna*



World's largest motorway operator



TELECOM



adamo

Spanish FTTH operator growing from 1.8m to 3.2m homes passed

INWIT

2nd largest independent European tower operator with >22k towers in Italy

EWE

40,300km telecommunications network



Áhrif sölu Mílu á reikning móðurfélags

- Salan á Mílu hefur mikil áhrif á efnahagsreikning Símans
 - Lausafjárstaða verður mjög sterk.
 - Geta til innri og ytri vaxtar verður umtalsverð.
 - Bókfært virði Mílu er um 11 ma.kr.
- Skuldabréfalán að fjárhæð 15 ma.kr. á meðal fastafjármuna
 - Skuldabréfið er í íslenskum krónum og er framseljanlegt.
- Sala Mílu hefur ekki áhrif á rekstrarafkomu Símans
 - EBITDA spá Símans (móðurfélags) fyrir 2021 er á bilinu 5,4 – 5,6 ma.kr.

Síminn hf.	2019	2020	09 2021	Sala Mílu 09 2021	PF
Fastafjármunir.....	58.001	58.453	34.485	4.607	39.092
Veltufjármunir.....	5.417	5.294	11.359	41.809	53.168
Eignir.....	63.418	63.747	45.844	46.416	92.260
- þ.a. handbært fé	165	708	5.888	41.809	47.697
Eigið fé.....	36.827	37.448	31.573	47.107	78.680
Langtímaskuldir.....	19.265	18.790	7.283	0	7.283
Skammtímaskuldir.....	7.326	7.509	6.988	-691	6.297
Skuldir og eigið fé.....	63.418	63.747	45.844	46.416	92.260
-þ.a. Leiguskuldbinding	4.643	4.802	1.520		1.520
Eiginfjárhlutfall	58,1%	58,7%	68,9%		85,3%



Horfur 2021




Rekstrarhorfur 2021

Horfur eru góðar út árið

- Rekstrarafkoma ársins hefur verið góð og styrkst eftir því sem liðið hefur á árið.
- Nýjungar í sjónvarpsþjónustu, sala yfir net GR og stöðugleiki til næstu ára í sýningarrétti enska boltans mynda gott undirlag fyrir söluaðgerðir.
- Kostnaði vel stýrt – Stöðugleiki í gengi er mikilvægur í ljósi þess að vægi útvistunar til erlendra aðila er að aukast.
- Míla mun verða hluti af samstæðunni næstu mánuði þar til skilyrði kaupsamnings eru uppfyllt, þ.m.t. samþykki samkeppisyfirvalda.
- Líklegt að EBITDA ársins verði við efri mörk afkomuspár.
- Fjárfestingar verða innan spábils á þessu ári.



Horfur fyrir árið 2021




EBITDA samstæðu án Sensa og 200 m.kr. stjórnvaldssektar var 10.156 m.kr. árið 2020
Fjárfestingar samstæðu án Sensa voru 5.643 m.kr. árið 2020




Hluthafar



Hluthafar



Hluthafar 20.10.2021	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	1.162.220.631	15,41%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	868.257.927	11,52%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	744.000.000	9,87%
Gildi - lífeyrissjóður	612.192.195	8,12%
Íslandsbanki hf,safnskráning 2	396.693.435	5,26%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	305.650.161	4,05%
Stapi lífeyrissjóður	300.051.432	3,98%
Birta lífeyrissjóður	276.946.563	3,67%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	261.618.000	3,47%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	251.575.320	3,34%
10 stærstu hluthafar	5.179.205.664	68,69%
Aðrir hluthafar	2.199.192.406	29,17%
Samtals útstandandi hlutir	7.378.398.070	97,86%
Eigin bréf	161.601.930	2,14%
Heildarhlutafé	7.540.000.000	100%



Hluthafar

- Endurkaupaáætlun
 - Stjórn hefur samþykkt að kaupa eigin hlutabréf fyrir allt að 2 ma.kr. að kaupverði.
 - Endurkaup hófust í byrjun maí og hefur þegar verið keypt fyrir rúmlega 1,5 ma.kr.
- Tæplega 1.150 hluthafar í félaginu
 - Hefur fjölgað um þriðjung það sem af er þessu ári
- Hlutabréf Símans hafa hækkað um 50% það sem af er ári.



Viðaukar



Lýsing starfsþátta

- **Farsími:** Farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
- **Talsími:** Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
- **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónustu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimtaugar og aðgangsnnet.
- **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
- **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
- **Annað:** Útseld þjónusta tengd fjarskiptum og upplýsingatækni.



Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

